

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 100 29. júní 1957, um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Önnur grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Enginn bifreiðastjóri má aka allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga í Hafnarfirði, nema hann hafi afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Hafnarfirði, og hafi öðlazzt atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri í Hafnarfirði.

Atvinnuleyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Engum má úthluta nema einu atvinnuleyfi.

2. gr.

Þriðja grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Óheimilt er að veita bifreiðastjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur leigubifreiðar sinnar sem aðalatvinnu og sækir um upptöku í Bifreiðastjórafélagið Neista.

Þeir bifreiðastjórar, sem vinna störf þau, sem talin eru í b-lið 12. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

3. gr.

Við 3. málsg. 6. gr. bætist eftirfarandi:

Verði ágreiningur á milli úthlutunarmanna, sker samgöngumálaráðuneytið úr.

4. gr.

Á eftir 2. málsg. 8. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Úthlutunarmönnum er heimilt að taka atvinnuleyfi leyfishafa hjá viðkomandi bifreiðastöð, hafi hann ekki notfært sér atvinnuleyfið í 6 mánuði eða lengur og ekki sótt um frest. Skulu þá úthlutunarmenn tilkynna leyfishafa innköllun leyfisins með ábyrgðarbréfi. Hafi leyfishafi ekki óskað eftir framlengingu leyfisins og fært fram ástæður, sem úthlutunarmenn geta tekið til greina, innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins.

5. gr.

Á eftir 2. málsg. 10. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé atvinnuleyfi leyfishafa lagt inn til Bifreiðastjórafélagsins Neista, án undirskriftar leyfishafa, skulu úthlutunarmenn tilkynna leyfishafa það með ábyrgðarbréfi. Hafi hann ekki gefið skýringu, sem úthlutunarmenn geta tekið gilda, innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins.

6. gr.

A-liður 12. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

a. Ef leyfishafi er veikur, enda sanni hann veikindi sín með vottorði frá trúnaðarlækni Bifreiðastjórafélagsins Neista.

7. gr.

Við 12. gr. reglugerðarinnar bætist nýr liður, svo hljóðandi:

d. Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Neista getur heimilað leyfishöfum að láta aka fyrir sig á orlofstíma, þó ekki lengur en allt að 4 vikum árlega, og ekki skemur en 1 viku í hvert sinn, sé orlofstímanum skipt í fleiri en 1 tímabil.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. júní 1964.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Vopnafjarðarkauptún,
nr. 33 25. febrúar 1949.

1. gr.

22. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Skip og bátar, sem eru í eigu manna, búsettra á Vopnafirði, skulu greiða hafnargjöld einu sinni á ári. Þilfarsbátar fastagjald kr. 200.00 eða kr. 25.00 af hverri brúttó rúmlest. Opnir trillubátar 6 rúmlestir eða minni kr. 100.00 í fastagjald eða kr. 25.00 á brúttó rúmlest. Gjaldldagi sé 1. ágúst ár hvert.

Öll önnur skip nema þau, sem undan eru skilin í 21. gr., 12 rúmlestar og stærri, greiði kr. 0.80 af hverri brúttó rúmlest í hvert sinn, er þau koma til hafnar.

Innlend strandferðaskip skulu greiða kr. 0.60 í hafnargjald af nettóstærð skipsins í hvert sinn, sem þau koma til hafnar.

2. gr.

25. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert skip, sem leggst að bryggju eða skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af brúttóstærð skipsins, talið í heilum tölum.

a. Af aðkomubátum:

5— 12 rúmlestir	kr.	20.00
12— 40	—	— 30.00
40— 60	—	— 40.00
60—100	—	— 60.00
100—150	—	— 80.00
150—250	—	— 110.00

b. Heimabátar, (árgjald):

6— 12 rúmlestir	kr.	75.00
12— 20	—	— 120.00
Trillubátar	—	40.00

c. Strandferðaskip skulu greiða kr. 0.45 af nettóstærð skipsins.

d. Öll önnur skip skulu greiða kr. 0.60 af hverri brúttórúmlest.

3. gr.

Á eftir 25. grein reglugerðarinnar bætist við ný grein, sem verður 26. grein og breytist greinatala reglugerðarinnar til samræmis við það, svo hljóðandi: